



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Mánudagur 22. maí 2006  
Ákvörðun nr. 16/2006

## **Kvörtun Radíó Reykjavík yfir synjun Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar um gerð afnotaréttarsamnings**

### **I.**

#### **Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi dags. 24. febrúar 2005, frá Valgeiri Kristinssyni hrl. f.h. Radíós Reykjavíkur ehf. Í erindinu kemur fram að Radíó Reykjavík, sem sé útvarpsstöð, hafi farið þess á leit við Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) að fá samning um flutning á tónlistarefni í útvarpi og á heimasíðu félagsins. STEF hafi hins vegar ekki virt félagið viðlits og hafnað samningsgerð nema að félagið myndi greiða stefgjöld sem félagið F.E.T.S. ehf. skuldi STEFi. Sú skuld nemi um kr. 1.200.000.

Í erindinu segir að með kaupsamningi þann 5. desember 2004 hafi Jón Hlíðar Runólfsson keypt af félaginu Radíó Reykjavík, kt. 660802-2660, nafnið Radíó Reykjavík, heimasíðu, fullbúið útsendingarstúdíó, útsendingartölvu, skrifstofubúnað, símtæki, faxtæki og annan tækjabúnað. Félagið sjálft hafi ekki verið með í kaupunum en af þeim sökum hafi seljanda borið skylda til að breyta nafni félagsins og hafi því verið breytt í F.E.T.S ehf. Sama dag hafi kaupandi jafnframt keypt allt hlutfé félagsins en þeim samningi hafi verið rift með samkomulagi 7. janúar 2005.

Þann 22. janúar 2005 hafi Eyrún Ósk Jónsdóttir og Steinn Hlíðar Jónsson stofnað félagið Radíó Reykjavík ehf. kt. 680105-0730, Fákafeni 11, til reksturs á útvarpsstöð undir nafninu Radíó Reykjavík. Jón Hlíðar hafi síðan selt félaginu lausaféð og réttindin samkvæmt kaupsamningnum frá 5. desember 2004. Þann 17. febrúar 2005 hafi nýja félaginu verið úthlutað útsendingartíðni frá Póst-og fjarskiptastofnun og útvarpsleyfi frá Útvarpsréttarnefnd þann 18. febrúar 2005. Gildi útvarpsleyfið í 3 ár eða til 18. febrúar 2008.

Hins vegar hafi STEF hafnað því að undirrita samning við félagið nema félagið myndi greiða STEFi gjöld sem félagið F.E.T.S ehf. skuldi STEFi. Telur kvartandi STEF beita óeðlilegri misneytingu í viðskiptum á sviði þar sem STEF hafi einkarétt og einokunarstöðu og brjóta gegn e-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga með því að skilyrða samningagerð því að hinir viðsemjendurnir taki á sig



viðbótarskuldbindingar sem tengist ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

Loks segir í erindinu: „Gerð er krafa til að STEF verði gert að falla frá öllum kröfum á hendur kæranda um greiðslu á skuldum annarra lögaðila við gerð afnotaréttarsamnings á lögvörðu efni sem STEF hefur rétt á. Þá er þess krafist að STEF verið meinað að krefjast tryggingar í hvaða formi sem er fyrir efndum á væntanlegum flutningsréttarsamningi. Kærandi gerir kröfu til refsinga og viðurlaga samkvæmt 57. gr. laga nr. 8/1993 gagnvart STEF og jafnframt stjórnarmönnum þess og framkvæmdastjóra.“

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindið var sent til umsagnar STEFs þann 17. mars 2005 og barst hún þann 8. apríl s.á.

Í umsögninni kemur m.a. fram að hinn 7. janúar 2005 hafi STEF fengið lagt á lögbann við flutningi verndaðra tónverka á hljóðvarpsstöðinni Rádío Reykjavík, eftir að samningi samtakanna um heimild til tónflutnings á stöðinni hefði verið rift vegna langvarandi og ítrekaðra vanskila af hálfu þess einkahlutafélgs sem hafi rekið stöðina, Rádío Reykjavík-Netradíó ehf., á greiðslu höfundaréttargjalda samkvæmt samningnum. Lögbann þetta hafi nú verið staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. mars 2005.

Jón Hlíðar Runólfsson sem sé framkvæmdastjóri þess einkahlutafélags sem nú heiti Rádío Reykjavík, hafi keypt eignir fyrrgreinds einkahlutafélags og jafnframt gerst einkaeigandi og framkvæmdastjóri þess félags hinn 5. desember 2004. Þegar þetta hafi gerst hafi stofnast umstalsverð skuld við STEF vegna vanskila félagsins á greiðslu höfundaréttargjalda. Þrátt fyrir kröfu um uppgjör þeirrar skuldar og kröfu um að tónflutningi hljóðvarpsstöðvarinnar Rádíós Reykjavíkur yrði hætt, hélt stöðin áfram útsendingum meðan Jón Hlíðar stýrði rekstri hennar. Hafi skuld félagsins við STEF hækkað um 300.000 kr. á þeim tíma þar til útsendingar hafi verið stöðvaðar með lögbanni.

Þá segir að eftir að Jón Hlíðar hafi stofnað fyrrgreint einkahlutafélag, Rádío Reykjavík ehf., ásamt börnum sínum Eyrúnu Ósk og Steinari Hlíðar, sem bæði höfðu setið í stjórn eldra félagsins, hafi hann óskað eftir að gerður yrði samningur milli STEFs og hins nýja félags um heimild til tónflutnings á hljóðvarpsstöðinni Rádío Reykjavík. Af hálfu STEFs hafi verið á það fallist gegn því að skuld hljóðvarpsstöðvarinnar sem m.a. hafi stofnast á þeim tíma þegar Jón Hlíðar hafi staðið fyrir rekstri hennar yrði greidd. Einnig hafi STEF bent á að krafist yrði tryggingar fyrir því að staðið yrði við greiðslu höfundaréttargjalda samkvæmt nýjum samningi.



Radíó Reykjavík hafi hins vegar ekki fallist á framangreint og hafið útsendingar á vernduðum tónverkum í heimildarleysi. Jafnframt hafi nýja félagið höfðað dómsmál á hendur STEFi þar sem þess sé m.a. krafist að samtökunum verði gert skylt að ganga til samninga við félagið á nánar tilgreindum forsendum. Í því sambandi sé m.a. vísað til samkeppnislaga, einkum 10. og 11. gr. þeirra laga. Hafi STEF ákveðið að taka til varna í dómsmálinu og hafi samtökin fengið lagt lögbann við tónflutningi útvarpsstöðvarinnar þann 8. mars 2005. Hafi mál til staðfestingar því lögbanni verið þingfest 5. apríl 2005.

STEF telji að stofnun hins nýja einkahlutafélags og riftun kaupa á eldra einkahlutafélaginu, ásamt breytingum á heiti þess, séu hvort tveggja málamyndagerningar sem gerðir hafi verið í þeim tilgangi einum að skjóta undan eignum og komast hjá greiðslu skulda eldra félagsins. Slíkt sé að mati samtakanna bæði ólöglegt og refsivert. Þar af leiðandi telji STEF sér ekki skylt að ganga til samninga við hið nýja félag um tónflutning á hljóðvarpsstöð í eigu þess fyrr en skuld eldra félagsins við samtökin hafi verið greidd eða a.m.k. sett viðhlítandi trygging fyrir greiðslu hennar.

Í 23. gr. höfundarlaga nr. 73/1972 sé áskilið að útvarpsstöð verði að afla sér heimildar til þess að senda út verk, sem verndar njóti samkvæmt lögum, þ.á.m. tónverk, með samningi við hlutaðeigandi höfundaréttarsamtök. Ekki hvíli fortakslaus skylda á höfundaréttarsamtökum eins og STEFi til að ganga til samninga við hvaða útvarpsstöð sem er, heldur hjóti samtökin að geta sett skilyrði fyrir gerð slíks samnings, svo framarlega sem slík skilyrði séu eðlileg, miðað við aðstæður. Þessu til stuðnings vísar STEF til niðurstöði Eystri-Landsréttar í Danmörku 24. febrúar 1994 þar sem talið var að KODA, systursamtökum STEFs í Danmörku hafi ekki verið skylt að ganga til samninga við hljóðvarpsstöð, þar sem samtökin, í ljósi fyrri reynslu, treystu þeim ekki sem höfðu staðið að rekstri stöðvarinnar til að standa við skuldbindingar hennar gagnvart samtökunum.

Loks segir: „Í því skyni að allir viðsemjendur sitji við sama borð hafa samtökin sett sér viðmiðunargjaldskrá fyrir útvarpsstöðvar sem stofnuninni hefur verið kynnt. Eina skilyrðið, sem STEF hefur sett fyrir slíkum samningum, er að nýir rekstraraðilar setji hæfilega tryggingu fyrir því að þeir standi við umsamdar skuldbindingar sínar gagnvart samtökunum. Það mál, sem hér er til umfjöllunar, er hins vegar sérstakt að því leyti að í þessu tilviki er, eins og áður er lýst, um að ræða sömu útvarpsstöðina, sem rekin er af sömu fyrirsvarsmönnum og áður, einungis með nýrri kennitölu, ef svo má að orði komast. Þegar svo háttar til hljóta samtökin, eðli máls samkvæmt, að geta gert þá kröfu að gerð verði skil á skuld stöðvarinnar við þau sem að stærstum hluta varð til á meðan umræddir fyrirsvarsmenn stóðu fyrir rekstri hennar. Með hliðsjón af málavöxtum getur slíkt skilyrði ekki talist brot á 11. gr. samkeppnislaga. Í því sambandi er athygli vakin á því að geti menn sett á stofn fyrirtæki í samkeppni við önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein, en hlaupist síðan á brott frá skuldum þess og haldið starfsemi áfram óáreittir undir annarri kennitölu, er ekki um að ræða eðlilega og virka samkeppni í viðskiptum og stríðir slíkt háttalag því gegn meginmarkmiði samkeppnislaga sem fram keur í 1. gr. þeirra.“



## 2.

Athugasemdir STEFs voru sendar kvartanda til upplýsinga þann 15. september 2005.

## 3.

Þann 8. desember 2005 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Jóhannesi R. Jóhannssyni hrl., f.h. STEF. Þar kemur m.a. fram að nú séu rekin tvö dómsmál milli aðila máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Annað málið hafi STEF höfðað til staðfestingar á lögbanni sem sýslumaðurinn í Reykjavík hafi lagt við flutningi verndaðra tónverka á hljóðvarpsstöðinni Radíó Reykjavík. Hitt málið hafi Radíó Reykjavík höfðað gegn STEFi til að knýja á um samning við félagið um flutning verndaðra tónverka á hljóðvarpsstöð sinni. Að loknum málflytningi hafi málsaðilar fallist á að reyna sættir í málinu. Segir að ef sættir tækjust í málinu myndu þær að öllum líkindum leiða til niðurfellingar málsins fyrir Samkeppniseftirlitinu og niðurfellingar beggja málanna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í kjölfar þessa barst Samkeppniseftirlitinu tölvupóstur frá lögmanni STEFs, dags. 12. janúar 2006 og 14. febrúar 2006, þar sem framvindu sáttumleitana var lýst. Þann 7. apríl 2006 tilkynnti lögmaður STEFs Samkeppniseftirlitinu að sættir hefðu ekki tekist í málinu og að STEF vildi koma að frekari athugasemdum. Þann 10. apríl sl. hafði lögmaður Radíós Reykjavíkur einnig samband og tilkynnti sömu málalýktir. Kaus hann hins vegar ekki að koma að frekari athugasemdum.

## 4.

Í bréfi STEFs, dags. 12. apríl sl., kemur m.a. fram að STEF hafi ætíð verið reiðubúið til að ganga til samninga um heimild til að flytja vernduð tónverk við þá sem hyggðust hefja rekstur útvarpsstöðva. Í því skyni að allir viðsemjendur samtakanna sitji við sama borð hafi þau sett sér viðmiðunargjaldskrá. Eina skilyrðið sem STEF hafi sett fyrir slíkum samningum og fram komi í gjaldskránni, sé að nýir rekstraraðilar setji hæfilega tryggingu fyrir því að þeir standi við umsamdar skuldbindingar gagnvart samtökunum.

Einnig er áréttað að fyrirsvarsmenn kvartanda hafi ekki gengið til samningaviðræðna við STEF heldur í heimildarleysi, án þess að leggja fram neina tryggingu fyrir því að greidd yrðu höfundargjöld vegna tónflutnings, hafið útsendingar á vernduðum tónverkum á Radíó Reykjavík. Þar af leiðandi hafi aldrei reynt á það hvort að það yrði gert að úrslitaskilyrði af hálfu STEFs fyrir nýjum samningi að eldri skuld stöðvarinnar yrði gerð upp.

Segir að reynt hafi verið að ná fram sáttum í málinu af hálfu STEFs m.a. með því að bjóðast til að ganga til samninga við Radíó Reykjavík um heimild til tónflutnings á útvarpsstöð í eigu félagsins með sömu skilmálum og fram komi í sambærilegum samningum við aðra aðila, þ.á.m. að sett verði viðhlýtandi trygging fyrir því að staðið verði við skuldbindingar samkvæmt samningnum. Jafnframt hafi verið fallið frá þeirri kröfu að eldri skuld vegna



hljóðvarpsstöðvarinnar Radíó Reykjavík verði gerð upp. Kvartandi hafi ekki viljað fallast á þessi kjör heldur óskað eftir að fá betri kjör en öðrum standi til boða.

Loks telur STEF að það hvíli ekki fortakslaus skylda á samtökunum að ganga til samninga við hvaða útvarpsstöð sem er, heldur hljóti þau að geta sett skilyrði fyrir gerð slíks samnings svo framarlega sem þau skilyrði séu eðlileg miðað við aðstöður. Þessu til stuðnings er bent á fyrrnefndan dóm Eystri-Landsréttar í Danmörku.

## 5.

Athugasemdir STEF voru sendar lögmanni kvartanda til upplýsinga þann 18. apríl sl.

## III.

### Niðurstaða

Þann 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög nr. 44/2005. Með lögunum voru samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun lögð niður en við hlutverki þeirra tók ný stofnun, Samkeppniseftirlitið. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á meðferð máls þessa. Þannig eru 10. og 11. gr. núgildandi samkeppnislaga samhljóða sömu greinum eldri laga. Þar af leiðandi er ekki ástæða til að fjalla frekar um lagaskil.

## 1.

Í máli þessu kvartar Radíó Reykjavík yfir því að STEF neiti að ganga til samninga við félagið um flutning verndaðra tónverka og krefjist þess að félagið greiði STEFi gjöld annars félags þ.e. F.E.T.S. Einnig krefst kvartandi þess að STEFi verði meinað að krefjast tryggingar í hvaða formi sem er fyrir efndum á væntanlegum flutningaréttarsamningi.

STEF telur að í reynd sé Radíó Reykjavík sama félag og F.E.T.S sem skuldi svokölluð stefgjöld. Enda þótt fram hafi farið rétthafabreyting sé um sömu rekstaraðila að ræða. Um sé að ræða málamyndagerning og því telji samtökin sér ekki skylt að ganga til samninga við hið nýja félag um tónflutning í hljóðvarpsstöð fyrr en skuld eldra félagsins sé greidd eða viðhlýtandi trygging sett fyrir greiðslu hennar. STEF bendi einnig á viðmiðunargjaldskrá sína og að nýjum rekstraraðilum sé gert að setja hæfilega tryggingu fyrir því að þeir standi við umsamdar skuldbindingar sínar gagnvart samtökunum. Þrátt fyrir ofangreint hafi STEF boðist til að ganga til samninga við Radíó Reykjavík á grundvelli gjaldskrár án greiðslu eldri skuldar. Því hafi kvartandi hins vegar hafnað.

## 2.

Í máli þessu er krafa kvartanda tvíþætt. Annars vegar er þess krafist að STEF gangi til samninga við Radíó Reykjavík og falli frá öllum kröfum um greiðslu skuldar F.E.T.S við samtökin og hins vegar að STEFi verði meinað að krefjast tryggingar fyrir efndum á væntanlegum samningi. Verður fyrst fjallað um fyrri kröfu Radíós Reykjavíkur.



### 3.

STEF er skammstöfun á Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar og eru þau höfundaréttarsamtök sem sjá um að gæta hagsmuna tónskálda og textahöfunda, hvort sem um er að ræða flutningsréttindi, þ.e. flutning á verkum í útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi), á tónleikum, dansleikjum eða veitingastöðum, í verslunum eða kvikmyndahúsum, á fjölmönnum vinnustöðum o.s.frv. eða upptökuréttindi.<sup>1</sup> STEF hefur einkarétt til að gera samninga um opinberan flutning á tónverkum og tilheyrandi textum. Samkvæmt löggildingu frá menntamálaráðuneytinu hefur STEF heimild til þess að innheimta höfundarréttargjöld fyrir flutning á tónlist og tilheyrandi texta sem verndar nýtur samkvæmt höfundaréttarlögum, hvort sem samtökin hafi fengið umboð hlutaðeigandi höfundar eða ekki<sup>2</sup>.

STEF eru markaðsráðandi samtök í skilningi samkeppnislaga. Enginn getur hafið útvarpsrekstur með tónlistarflutningi nema að hafa gert samning við STEF um greiðslu stefgjalda. Í ljósi þessa eru lagðar ríkar skyldur á STEF um að mismuna ekki keppinautum. Í því skyni hefur STEF gefið út viðmiðunargjaldskrá fyrir útvarpstöðar og er henni ætlað að tryggja jafnræði keppinauta á markaði.

Hljóðvarpsstöðin Radíó Reykjavík er félag sem stofnað var í janúar 2005 og hefur félagið öll tilskilin leyfi útvarpsréttarnefndar og Póst-og fjarskiptastofnunar. Enda þótt hljóðvarpsstöð með sama nafni hafi starfað á markaðnum er um nýjan lögaðila að ræða, þ.e. lögaðila með aðra kennitölu en sá sem starfaði áður í sama nafni. Í ljósi þess og markaðsráðandi stöðu STEF þurfa að vera mjög ríkar ástæður fyrir hendi til að synja þessum nýja keppinauti á hljóðvarpsmarkaði um samning við samtökin.

Í máli þessu hefur komið fram að málsaðilar hafi reynt að ná sáttum. Sáttarumleitanir hafi m.a. falist í því að gengið yrði til samninga við Radíó Reykjavík á grundvelli viðmiðunargjaldskrár STEFs, en að auki hefur STEF boðist til að falla frá kröfunni um að Radíó Reykjavík greiddi skuld F.E.T.S. Radíó Reykjavík hefur ekki fallist á þessi samningskjör. Með hliðsjón af því sem hér segir er að mati Samkeppniseftirlitsins í máli þessu ekki lengur fyrir hendi synjun STEFs um að ganga til samninga við Radíó Reykjavík. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki ástæðu til að fjalla frekar um fyrri kröfu Radíós Reykjavíkur um að STEF gangi til samninga við félagið og falli frá kröfunni um greiðslu skuldar F.E.T.S.

### 4.

Seinni krafa Radíós Reykjavíkur lýtur að kröfu STEFs um tryggingu fyrir efndum á væntanlegum samningi. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir upplýsingum hjá STEFi um hvernig tryggingum fyrir greiðslu stefgjalda væri háttað. Fram kemur hjá STEFi að í viðmiðunargjaldskrá sem sé frá 2003, komi fram að gert sé ráð fyrir að gerður sé sérstakur samningur við hverja útvarpsstöð þar sem samið sé um greiðsluskilmála og tryggingu fyrir greiðslu endurgjalds á umsömdum gjalddögum,

<sup>1</sup> Heimastíða STEF, [www.stef.is](http://www.stef.is)

<sup>2</sup> Heimasíða STEF



sbr. 23. gr. höfundarlaga. Í samningi við hverja útvarpsstöð sé tryggingin ákveðin og sé almennt miðað við þriggja mánaða leyfisgjald auk tryggingar fyrir greiðslu kostnaðar við að fá lagt lögbann á útsendingu. Ætíð hafi verið lögð áhersla á að um sé að ræða tryggingu en ekki greiðslu. Form tryggingar hafi verið með mismunandi hætti og sé það metið hverju sinni. Sumir hafi boðið fram ábyrgðarmenn, aðrir boðið bankatrygginu og enn öðrum hafi verið boðið að greiða einn til tvo mánuði fyrirfram og hafi það síðan leitt til lægri tryggingar. Reynt sé að aðlaga þessar tryggingakröfur að getu þess sem hyggist hefja rekstur útvarps hverju sinni. Af þeim sökum hafi ekki þótt tækt að setja ófrávíkjanlegar kröfur um form trygginga enda geti þær eðli máls samkvæmt verið mismunandi.

Að mati Samkeppniseftirlitsins getur ekki talist óeðlilegt að krefjast trygginga fyrir efndum að því gefnu að slíkar tryggingar séu ekki til þess fallnar að torvelða samkeppni. Í máli STEF kemur fram að tryggingar séu með ýmsu móti og í ýmsu formi s.s. ákveðinn hluti gjalda og annað hvort í formi bankaábyrgðar eða tryggingavíxils. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að hlutfall trygginga sé þess eðlis að það mismuni keppinautum og takmarki þar með samkeppni. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að ekkert hafi komið fram í málinu sem gefi til kynna að viðmiðurgjaldskrá STEF og beiting hennar feli í sér brot á samkeppnislögum.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til að hafast frekar að vegna máls þessa.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson